

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2017
2017010039


Efni: Umsögn - Tillaga til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum - 3. mál
Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum, 3. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. mars 2017, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um sálfræðipjónustu í framhaldsskólum, 3. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt ef Alþingi ákveður að taka skref í þá átt að auka aðgengi barna og ungmenna að sálfræðipjónustu. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að skipta miklu máli fyrir geðheilsu ungmenna ef þeim býðst sálfræðipjónusta án kostnaðar auk þess sem það er jákvætt fyrir ungmennin ef þjónustan er veitt í nærumhverfi þeirra, þ.e. í framhaldsskólum. Það getur skipt sköpum fyrir ungt fólk í vanda að hægt sé að bregðast við sem allra fyrst og þjónusta á fyrri stigum getur að sama skapi komið í veg fyrir að vandamál haldi áfram að þróast og verði alvarlegri. Vera sálfræðinga í skólum er jafnframt til þess fallin að auka fagþekkingu þeirra sem starfa innan framhaldsskólanna og efla starfsemi þeirra.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu